



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum um strætókort

Á fundi borgarráðs, 14. október 2021, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að reglur um strætókort handa nemendum í grunnskólum Reykjavíkurborgar taki mið af bæði lögheimili og búsetuheimili barns og að börn sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra eigi einnig rétt á strætókorti. Eins er lagt til að þau börn sem sækja skóla í öðru hverfi en lögheimili þeirra fái einnig strætókort. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að börn skipta um skóla og í lang flestum tilvikum eru foreldrar að taka ákvörðun sem þau telja barni sínu fyrir bestu. Börn hafa kannski þurft að skipta um skóla vegna eineltis og sækja þá skóla fjarri heimili sínu af þeim sökum. Einnig er hér um að ræða börn sem hafa flutt í nýtt hverfi en vilja halda tengslum við vini í gamla skólanum þar til haldið er í menntaskóla. Fráleitt er að neita þeim um strætókort.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Börn á aldrinum 6-11 ára fá frítt í Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Árskort fyrir ungmenni á aldrinum 12-17 ára kostar 46.500 kr. á ári.

Í október 2023 eru í almennum borgarreklam grunnskólum og sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík 6477 nemendur í 7.-10. bekk. Þar af eru 1267 nemendur með lögheimili utan síns skólahverfis. Nemendur í sérskólum eru ekki inni í þessum tölum þar sem þeir fá almennt akstursþjónustu.

Kostnaður

	Fjöldi nemenda (12-16 ára) sem eru með lögheimili utan skólahverfis	Kostnaður vegna strætókorta miðað við að allir sækja um og enginn afsláttur fengist
Almennir grunnskólar	1126	52.359.000
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	141	6.556.500
Samtals:	1267	58.915.500

Á skóla- og frístundasviði er unnið að útfærslu þegar kemur að skiptri búsetu barna heildstætt.